

Atkvæðasmölun

Hversu sannfærandi ertu?

Málefni	Lýðræði, borgaravitund, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	Hver sem er
Tími	45 mínútur
Yfirlit	Þetta verkefni er byggt á umræðum og snýst um: <ul style="list-style-type: none"> • Réttindi og skyldur sem tengjast lýðræðinu. • Lýðræðislega umræðu.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til þátttöku í lýðræðinu. • Skoðana- og tjáningarfrelsi.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að velta fyrir sér ýmsum álitamálum í lýðræðislegu þjóðfélagi. • Að þjálfa með sér og þroska hæfileika til að hlusta á aðra, ræða við þá og sannfæra þá. • Að hvetja til samvinnu.
Efniviður og aðstaða	<ul style="list-style-type: none"> • Opið rými. • Spjald (A4) og litapennar til að útbúa skiltin. • Límband. • Lítil spjöld og pennar fyrir minnisþunkta (ekki nauðsynlegt).
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Gerðu tvö skilti, „sammála“ og „ósammála“, og límdu þau hvort við sinn enda á löngum vegg. Gættu þess að nægilegt rými sé meðfram veggnum til þess að þátttakendur geti myndað beina röð. • Settu tvo stóla í miðjan salinn með um hálfm metra millibili og nægu rými í kring til að hægt sé að fara þar um.

Leiðbeiningar

1. Bentu á skiltin tvö við endana á veggnum og segðu þátttakendum að þú ætlir að lesa upp fullyrðingu sem þeir geti verið sammála eða ósammála að mismunandi miklu leyti.
2. Veldu eina fullyrðingu af listanum hér á eftir og lestu hana upp fyrir hópinn.
3. Segðu þátttakendum að koma sér fyrir við vegginn eftir því „hversu“ sammála eða ósammála þeir eru: ef þeir eru fullkomlega sammála eða ósammála eiga þeir að standa við annan hvorn endann; annars einhvers staðar á milli.
4. Þegar þátttakendur hafa allir tekið sér stöðu skaltu biðja þá tvo sem mest greinir á að setjast á stólana tvo í miðjum salnum. Allir hinir ættu nú að safnast kringum stólana og taka sér stöðu fyrir aftan þann sem þeir eru „mest“ sammála eða stilla sér upp á milli þeirra ef þeir eru óákveðnir.
5. Gefðu þátttakendunum sem sitja í stólunum eina mínútu hvorum til að færa fram

MÁLEFNI



LÝÐRÆÐI



BORGARAVITUND



ALMENN MANNRÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG



STIG 2

HÓPSTÆRÐ



HVER SEM ER

TÍMI



45 MÍNÚTUR

- rök sín fyrir því að þeir séu sammála eða ósammála upphaflegu fullyrðingunni. Enginn á að trufla þá eða aðstoða. Allir ættu að hlusta þegjandi.
6. Þegar þeir hafa flutt mál sitt skaltu biðja hina í hópnum að færa sig aftur fyrir annan hvorn ræðumanninn (nú verða þeir að taka afstöðu) svo að nú verði einn hópur „með“ því sem var rætt og annar hópur „á móti“. Gefðu hópnum tíu mínútur til að undirbúa hvor í sínu lagi röksemdir fyrir afstöðu sinni og velja annan talsmann til að kynna þær.
 7. Þegar tíu mínúturnar eru liðnar skaltu kalla hópana saman aftur og biðja talsmennina tvo að setjast í stólana og „stuðningsmennina“ í kringum þá.
 8. Gefðu talsmönnum þrjár mínútur hvorum til að færa fram röksemdir sínar og þegar þær eru liðnar mega stuðningsmenn hvors um sig skipta um stöðu og færa sig yfir til hins ef rök hans hafa verið sannfærandi.
 9. Gefðu hópnum fimm mínútur til viðbótar til að fjalla um rökin og velja sér þriðja talsmanninn. Eftir ræðurnar leyfir þú þátttakendum aftur að skipta um stöðu ef þeir vilja.
 10. Kallaðu hópana aftur saman til að taka saman niðurstöður.

Samantekt og mat

Nú skal ræða um tilgang umræðna og hvernig þær fara fram, svo og rökin fyrir því að velja fjölflokka kerfi. Forðast ætti að hefja aftur umræður um málefnið sjálf.

- Skiptu einhverjir um skoðun þegar farið var að ræða málin? Ef þeir gerðu það, hver voru rökin sem sannfærðu þá?
- Fannst þátttakendum að fleira en röksemdafærslurnar sjálfar hefði haft áhrif á þá, t.d. þrýstingur frá hinum, tilfinningaþrungnar ræður eða keppnisandi?
- Fannst þeim sem ekki skiptu um skoðun í umræðunum einhver tilgangur í því að vera yfirleitt að ræða þessi mál? Geta þeir hugsað sér einhver rök sem gætu fengið þá til að skipta um skoðun?
- Hvers vegna hefur fólk ólíkar skoðanir? Hvernig ætti að bregðast við því í lýðræðis-þjóðfélagi?
- Eiga allar skoðanir að líðast í lýðræði?

Ábendingar til leiðbeinanda

Fyrsti hluti verkefnisins, þegar þátttakendur koma sér fyrir á línunni, ætti ekki að taka meira en tvær mínútur. Markmiðið með þessu er einfaldlega að ákveða „upphafsstöðu“ þátttakenda og láta þá sjá hvar þeir standa miðað við aðra.

Tilgangur verkefnisins er ekki síður að þjálfa færni í samskiptum og sannfæringarkraft en að velta fyrir sér málefnum sjálfum. Því ætti að hvetja þátttakendur til að hugsa ekki bara um innihald og framsetningu eigin skoðana, heldur einnig þá tegund eða form röksemda sem gætu best sannfært þá sem eru í hinum hópnum. Þeir vilja fá sem allra flesta yfir í sinn „flokk“. Þeir geta notað hléið milli „ræðuhalda“ til að íhuga stöðu andstæðingsins og hugsa út leiðir til að veikja hana.

Nota má önnur mál en þau sem lögð eru til hér sem umræðugrundvöll. Það sem skiptir máli er að velja fullyrðingu sem skiptar skoðanir verða um innan hópsins.

Athuga skal: það tekur um 30 mínútur að ljúka umræðum um eina fullyrðingu. Ef nota á fleiri fullyrðingar verður að gera ráð fyrir viðbótartíma sem því nemur.

Rétt er að hafa röð atriða í verkefninu fremur sveigjanlega og taka tillit til styrks og veikleika hópsins og þess hversu fjörug umræðan verður. Til dæmis:

- má bæta við einu eða tveimur hléum til að þátttakendur geti undirbúið málflutning sinn og aðrir ræðumenn fái tækifæri til að kynna skoðanir sínar.
- Hafi leiðbeinandinn lagt þetta verkefni áður fyrir hópinn – eða þó að hann hafi ekki gert það – má koma á óvart með því að velja fyrstu ræðumennina með öðrum hætti – velja til dæmis þriðja mann frá hvorum enda til að tala fyrst.
- Leiðbeinandinn gæti, í einu undirbúningshléinu, beðið „stuðningsmenn“ hvors ræðumanns að vinna með andstæðingnum – með öðrum orðum, að undirbúa rök gegn afstöðunni sem þeir hafa sjálfir. Þetta getur verið góð leið til að fá þátttakendur til að velta fyrir sér gagnstæðri skoðun og getur verið gott ráð ef þeir ætla að verða mjög tregir til að skipta um flokk.

Hægt er að leyfa ræðumönnum að vera með nokkra minnispunkta á blaði til að minna sig á röksemdirnar og grípa til meðan þeir tala.

Varpa mætti því fram hvort „fjölraði“ eða tjáningarfrelsi ætti að vera einhverjum takmörkunum háð í umburðarlyndu samfélagi; ætti til dæmis að leyfa fjöldafundi fasista eða nasista?

Tillögur um framhald

Ef áhugi er á að fylgja eftir hugmyndinni um það hvernig skoðanir mótast og breytast, einkum fyrir tilverknad fjölmiðla, er hægt að skoða verkefnið „Forsíða“ á bls. 109.

Hugmyndir um aðgerðir

Ef fullyrðingin um kosningar var valin mætti fylgja verkefninu eftir með könnun á kosningavenjum fólks í sveitarfélaginu; sjá verkefnið „Að kjósa eða sitja hjá“ á bls. 69.

Fullyrðingar sem ræða má um

- Það er siðferðisleg skylda okkar að nota atkvæði okkar í kosningum.
- Við eigum að fara að öllum lögum, jafnvel þó að þau séu ósanngjörn.
- Eina fólkið sem hefur einhver völd í lýðræði er stjórnámálamennirnir.
- „Fólk fær þá forystumenn sem það á skilið.“
- Það er skylda borgaranna að fylgjast með daglegum athöfnum stjórnvalda.

Lykildagsetning

24. október

Dagur sameinuðu þjóðanna